

# Maxit 4310 Fibre Flow

## Notkunarsvið

Maxit 4310 er trefjastyrkt flotefni sem er ætlað til flotunar í íbúðarhúsnæði skrifstofum og iðnaðargólfum, þar sem kröfur eru gerðar um mikinn styrk og togþol.

Þar sem efnið er trefjastyrkt eru ekki gerðar eins miklar kröfur um styrk undirlagsins eins og við hefðbundin flotefni. Hentar t.d. sérstaklega vel yfir trégólf.

## Kostir

Maxit 4310 er dælanlegt flotefni sem er auðvelt í notkun. Ekki er þörf á frekari yfirborðsmeðhöndlun eftir lögn, svo sem slípun eða fínspörtun. Yfirlögn flísa með sementsbundnum flísalímum má framkvæma eftir ca 24 klst. Parket og dúk má leggja eftir 1-5 vikur eftir aðstæðum og þykkt ílagar. Uppfyllir kröfur "husAMA" um flotefni.

## Þykktarsvið

Á sterkt undirlag, svo sem steinsteypa fleti 4-50 mm

Á léttsteypu undirlag: 6 - 40 mm

## Eiginleikar

Þrýstipól (EN 13892-2):	>26Mpa
Beygjupól (EN 13892-2):	6Mpa
Rýrnun eftir 28d. (EN 13454-2):	0,4mm
PH gildi:	10,5-11
Flot (SS 923519):	135-145 mm.
Flokkun byggingarefnis (EN 13501-1):	A2fl-s1
Gönguhæft eftir:	2-4 tíma.
Fulþurr ::	12-24 tíma.

## Undirvinna

Undirlagið skal vera hreint og laust við lausan múr, sementslamma, raka, fitu og önnur óhreinindi sem komið geta í veg fyrir góða viðlöðun.

Ef flota þarf yfir lakkað gólf, skal slípað yfir með sandpappírslípivél og lakkið mattað. Grunnið síðan með MD-16 1:1 og stráðið þurru efni í blautan grunnin og kústið saman. Látið síðan þorna og er þá undirlagið tilbúið undir flotun.

## Grunnur

Grunna skal með MD-16 og blanda hann 1 hluti grunnur og 3 hlutar vatn. Sjá leiðbeiningar um notkun á MD-16 við mismunandi aðstæður.



## Blöndun og lögn

Vatnsmagn er 5,25 lítrar í 25 kg. poka. Blandið saman með hægengri borvél. Ef dæla á efninu, leitið þá upplýsinga hjá söluaðila. Mælið flotið í efninu (samkv. SS 923519) með hring sem er 50x22mm. Athugið einnig við flotprufu hvort efnið sé nægjanlega vel hrært saman. Gott er að draga úr efninu með tenntum spaða, til að losa loft úr efninu.

## Efnisnotkun

1 mm þykkt =	1,7 kg/m <sup>2</sup>
5 mm þykkt =	8,5 kg/m <sup>2</sup>
10 mm þykkt =	17 kg/m <sup>2</sup>

## Geymslupól

6 mánuðir í þurri geymslu.

## Aðgæsla

Með raka eða vatni virkar efnið eins og önnur múrefni, ertandi á húð, slímhimnu í augum og öndunarvegi.

Það er því ráðlagt að nota hlífðarbúnað svo sem rykgrímur, öryggisgleraugu og hanska.

## Annað

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi skal líta á þessar upplýsingar sem leiðbeinandi. Leitið alltaf upplýsinga hjá solumönnum ef í vafa. Ekki má blanda öðrum efnum saman við Maxit 4310 þar sem það breytir eiginleikum efnisins og kemur niður á gæðum þess.

# MÚRBÚÐIN